



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Fótaaðgerðafræðingur

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS ( EN )

### Chiropodist

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- býr yfir almennri og sértækri þekkingu, leikni og hæfni til þess að meðhöndla fótamein öðrum til heilsubótar og vellíðunar
- er fær um að meta ástand fóta, greina fótamein og velja meðferð við hæfi
- ráðleggur um viðeigandi meðferð og forvarnir fótameina
- getur búið til ýmsar hlífar, leppa og innleggssóla til þess að setja í skófatnað
- sýnir kunnáttu í smitgát í allri umgengni og við hreinsun áhalda og tækja
- heldur sjúkraskrá samkvæmt viðurkenndum gæðaviðmiðum
- gætir þagmælsku og er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð sína
- hefur tileinkað sér fagmennsku, sjálfstæð vinnubrögð og vinnur samkvæmt þeim gæðaviðmiðum og lagareglum sem um störf hans gilda
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum
- er fær um að eiga og reka fótaaðgerðastofu samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem um þær gilda
- er fær um að leiðbeina nýjum starfsmönnum og nemum

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Fótaaðgerðafræðingar meta ástand fóta, greina fótamein og meðhöndla þau fótamein, sem ekki krefjast sérstakrar læknisfræðilegrar meðferðar. Fótaaðgerðafræðingar ráðleggja um heilbrigði fóta, meðferð og forvarnir fótameina og þau úrræði sem finnast í heilbrigðiskerfinu þar að lútandi. Fótaaðgerðafræðingar ráðleggja einstaklingum um fótaumhirðu, um val á skófatnaði og um hlífðarmeðferðir í þeim tilgangi að minnka verki, dreifa álagi og bæta göngulag. Fótaaðgerðafræðingar eru heilbrigðisstétt og er fótaaðgerðafræði löggilt starfsgrein. Rétt til starfa sem fótaaðgerðafræðingar hafa þeir sem leyst hafa til sín leyfisbréf sem landlæknir gefur út.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRÍÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Viðbótarnám til stúdentsprófs	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Réttur til að kalla sig fótaaðgerðafræðing og starfa sem slíkur hér á landi, er skilgreindur í reglugerð nr. 1107/2012 um menntun, réttindi og skyldur fótaaðgerðafræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú til fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla sex annir, námstími að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 12 vikur.

### Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:

[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)